

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

Þetta áminningarkort inniheldur mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að vita af fyrir og meðan á meðferð með denosumabi (XGEVA) stungulyfi stendur við sjúkdómum tengdum krabbameini

Læknirinn hefur mælt með því að þú fái denosumab (XGEVA) stungulyf til að fyrirbyggja einkenni frá beinum (t.d. beinbrot) vegna meinvarpa í beinum eða krabbameins í beinum.

Algengt er að greint hafi verið frá aukaverkun sem kallast beindrep í kjálka (skemmdir á beini í kjálka) hjá sjúklingum sem fá denosumab (XGEVA) stungulyf við sjúkdómum tengdum krabbameini (getur komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum). Beindrep í kjálka getur einnig komið fram eftir að meðferð hefur verið hætt.

Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir að beindrep í kjálka þróist því það getur verið sársaukafullt og erfitt að meðhöndla. Til að minnka hættuna á að fá beindrep í kjálka er mikilvægt að þú grípir til nokkurra varúðarrástafana:

Áður en meðferð er hafin:

- Kannaðu hjá læknum hvort tannskoðun sé ráðlögð áður en þú byrjar á meðferð með denosumabi (XGEVA).
- Segðu læknum/hjúkrunarfræðingnum frá því ef þú ert með vandamál tengd munni eða tönnum.

Sjúklingar sem gangast undir aðgerðir á tönnum (t.d. tanndrátt), sem ekki fara reglulega í skoðun hjá tannlækni eða eru með sjúkdóm í tannholdi, sem reykja, sem fá aðra tegund krabbameinsmeðferðar, geta verið í meiri hættu á að fá beindrep í kjálka.

Meðan á meðferð stendur:

- Þú skalt viðhalda góðri munnhirðu og fara reglulega í skoðun til tannlæknis. Ef þú notar gervitennur skaltu ganga úr skugga um að þær passi vel.
- Ef þú ert í meðferð hjá tannlækni eða ef tannaðgerð (t.d. tanndráttur) er fyrirhuguð, skaltu láta lækinn vita og segja tannlæknum frá því að þú sért á meðferð með denosumabi (XGEVA).
- Hafðu tafarlaust samband við lækinn og tannlækni ef þú finnur fyrir óþægindum í munnum eða tönnum eins og lausum tönnum, verk eða bólgu, sárum sem ekki gróa eða útferð úr sári, því þetta gætu verið einkenni beindreps í kjálka.

Vinsamlega lesið fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu til að fá frekari upplýsingar, hann er einnig aðgengilegur á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, sjá leiðbeiningar og eyðublöð á vef stofnunarinnar, www.lyfjastofnun.is